



PERSPEKTIVE Newsletter



Co-funded by
the European Union

Project n. 2023-1-DE02-KA220-ADU-000154378
Project period: 01st December 2023 - 30th November 2026

First Newsletter / June '24

Stuðla að enduraðlögun afbrotamanna út í sammfélagið bæði innanlands og í Evrópu

„Perspektive“ verkefnið miðar að því að nýta alla möguleika á sviði enduraðlögunar afbrotamanna. Tækifæri er ekki aðeins til að styðja fangelsi í daglegu starfi heldur einnig að leggja mikið af mörkum til samnýtingar á sérfræðingum á evrópskum vettvangi. Við höfum stofnað alþjóðlega samsteypu sem byggir á þeirri reynslu sem fengist hefur af fyrri verkefnum eins og STEPS, NEXT STEPS og ríkisframtakinu Handwerk im Hafthaus. Þau eru unnin af af reyndum leikmönnum meðal annars á sviði almannatengsla, sálfræði og viðskipta, sem starfa í samvinnu við fangelsi á hinum ýmsum Evrópulöndum.

Upphafsfundur í Dusseldorf

Þriðja vika febrúarmánaðar var mjög viðburðarík. Upphafsfundur verkefnisins fór fram á fimm mismunandi stöðum í Dusseldorf, meðal annars í höfuðstöðvum WHKT í Dusseldorf og í fangelsinu í Heinsberg. Skipulag fundarins miðaði að því að gera samstarfsaðilum kleift að kynnast á fyrstu stigum. Á meðan einn hópur fékk leiðsögn um fangelsið í Heinsberg, vann annar hópur að hugmyndum um útfærslu vinnupakka 2 og 3 í sér málstofu. Á öðrum fundardegi, sátum við samlegðaráhrif samstarfsaðila og verkefnisins. Næstu fundir fara fram í Búkarest, Reykjavík og Izmir og skipulag þeirra funda voru rædd.



Handbók

Verkleg kennsla í fangelsiskerfinu.
Handbók um æfingamiðaða og framsækna kynningu á faglegri færni fanga



Tímarit

Byggja brýr milli samfélagsins og fanga með því að veita innsýn í fangelsi í Evrópu, segja reynslusögur og kynna starfsmöguleika



Net

Stuðla að innleiðingu fanga á vinnumarkað með því að deila reynslu innan Evrópu og í gegnum starfsmenn í fangelsiskerfinu

VERKEFNISSTJÓRI



WESTDEUTSCHER HANDWERKSKAMMERTAG



whkt.de

West German Chambers of Skilled Crafts (WHKT), sem hefur aðsetur í Dusseldorf, eru regnhlífasamtök sjö iðnfagfélaga í Norður-Rhine-Westfalen héraði í Þýskalandi með yfir 200 þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa á að skipa tæplega 1,2 milljónir starfsmanna og árlega sölu upp á 162,6 milljarða evra. Hlutverk WHKT er að samhæfa skoðanir og hagsmuni félaganna, koma fram fyrir hönd þeirra gagnvart hinu opinbera og halda tengslum við hinar ýmsu stofnanir, iðnað og háskóla. WHKT leggur áherslu á að standa vörð um iðnrétt, starfsmenntun, hagfræðilega greiningu og almannatengsl, en sinnir einnig umhverfis- og skipulagsmálum.

SAMSTARFSADILAR VERKEFNISINS

CIAPE eru ítölsk sjálfseignarstofnun, sem stuðlar að símenntun með nýstárlegum og inngildandi aðferðum, með áherslu á færni og framtíðarhæfni á vinnumarkaði. CIAPE er í samstarfi við yfir 300 stofnanir víðsvegar um Evrópu og þróað aðgengileg námstækifæri fyrir fjölbreytta hópa, þar á meðal nemendur, fagfólk og þá sem eru í hættu á útskúfun. CIAPE stundar rannsóknir og stýrir innendum og alþjóðlegum verkefnum, sem kíða að því að bæta faglega aðlögun og stuðla að jöfnu aðgengi að vinnumarkaði.



ciape.it



europe-unlimited.org

Europe Unlimited e.V. er sjálfseignarstofnun, sem stonfuð var árið 2015 til að efla þvermenningarlegan skilning og menningarskipti yfir landamæri í Evrópu með fræðslu og samvinnu. Stofnunin safnar saman sérfræðingum af ýmsum sviðum, þar á meðal tækni, menntun, lögfræði og fjármálum, til að takast á við samfélagslegar áskoranir og styðja félagslega aðlögun, sérstaklega fyrir illa stadda hópa. Samtökin starfa án hagnaðarsjónarmiða og einbeita sér að evrópskum fjármögnunarverkefnum og veita um 100 nemendum úr ýmsum áttum fræðslustuðning.

VondiConsulting er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki með yfir 15 ára reynslu í verkefna- og viðburðastjórnun og sérhæfir sig í evrópskum verkefnum og fullorðinsfræðslu. Yrirtækið styður frumkvæði, sem miðar að því að berjast gegn félagslegri einangrun með því að veita þjálfun fyrir jaðarhópa eins og innflytjendur, flóttamenn og fyrrverandi fanga í samvinnu við opinbera þjónustu og sveitarfélög. Í teymi VondiConsulting eru sérfræðingar í fullorðinsfræðslu og félagsráðgjöf og það er í góðum tengslum við lögfræði- og réttarstofnanir í Innsbruck í Austurríki.



vondi.eu



talentbruecke.de

TALENTBRÜCKE GmbH & Co. KG, var stofnað árið 2006 í Köln og leggur áherslu á að auðvelda umskiptin úr skóla yfir í starf, þjálfun eða nám með hæfileikagreiningu og hæfnismati. Hjá fyrirtækinu starfar blanda af fastráðnum starfsmönnum, nemendum og sjálfstæðum einstaklingum til að tengja ungt fólk og fagfólk við fyrirtæki á sérnsiðinn hátt. Með því að nota staðlaðar verklagsreglur býr TALENTBRÜCKE til hæfileikaprófa til að tryggja nákvæma samsvörum milli einstaklinga og tækifæra.

Association of Thessalian Enterprises and Industries (STHEV), eru samtök sem stofnuð voru árið 1957 í Larissa á Grikklandi. STHEV eru lykilsamtök í því að styðja viðskiptalífið í Þessalíu og stuðla að efnahagslegri þróun með einkaframptaki, skilvirkri framleiðslu og samkeppnishæfni, á sama tíma og umhverfisvæn sjálfbærni er í hávegum höfð. STHEV hjálpar fyrirtækjum að laga sig að áskorunum með því að hvetja til góðra starfshátta, tækniframfara og starfsþróunar vinnuaflla.



sthev.gr



mact.org.tr

Multi-Act STD er sjálfseignarstofnun í Tyrklandi sem einbeitt sér að því að vekja athygli á fullorðinsfræðslu, með 96 mjög hæfum kennurum og 152 sjálfboðaliðum nemenda og fullorðinna. Frjáls félagsamtök starfa á ýmsum svæðum í Tyrklandi og hafa viðtæka reynslu af því að stjórna verkefnum og áætlunum sem styrktar eru af ESB, sérstaklega í símenntunarverkefnum. Stofnunin hefur þjálfað kennara og starfsmenn í mörg ár og þannig verulega eftir áhrif stofnunarinnar á gæði menntunar.

Höfði Horizon ehf. er fyrirtæki sem stofnað var árið 2021, en starfsfólk þess hefur verið virkt í Erasmus+ verkefnum allt frá árinu 2014. Það hefur haft frumkvæði að þróun og innleiðingu evrópskra samstarfsverkefna fyrir hönd skóla og stofnana á Íslandi síðustu 10 ár. Fyrirtækið leggur m.a. áherslu á að bregðast við langtíma atvinnuleysi, inngildingu og stuðning við efnahagslegan fjölbreytileika á Íslandi með því að efla menntun og samkeppnishæfni með alþjóðlegu samstarfi. Höfði Horizon hefur þróað um 30 evrópsk Erasmus+ verkefni með erlendum samstarfsaðilum og er í samstarfi við breitt net skóla og stofnana á Íslandi til að styðja við framtíðar áherslur Erasmus+.



hofdi-horizon.eu



cpiafotiviterbo.edu.it

Interprovincial CPIA "G.Foti" Viterbo/Roma er menntastofnun, sem heyrir undir opinbera menntamálaráðuneytið á Ítalíu og veitir fullorðinsfræðslu, sem miðar að því að ljúka skyldunámi og öðlast víðeigandi vottorð. Það býður upp á læsis- og ítölskunámskeið fyrir erlenda ríkisborgara auk framhaldsnámskeiða í ensku, frönsku, spænsku og stafrænni fæmi. CPIA starfar einnig í fangelsum til að styðja við félagslega enduraðlögun með menntun, koma til móts við fjölbreytt úrval nemenda og aðlaga áætlanir sínar að staðbundnum þörfum og samhengi.

Igor Vitale International Srl, er lítið og meðalstórt fyrirtæki með aðsetur í Foggia, Puglia. Það sérhæfir sig í hagnýtri sálfræði á ýmsum sviðum, þar á meðal klínískri, félags-, réttar-, vinnu-, skipulags- og íþróttar- og skólasálfræði. Með neti 100 sérfræðinga stuðlar fyrirtækið að félagslegri þátttöku, menntun og sjálfbærni með þverfaglegum aðferðum sem fela í sér bæði sálfræði og mannvísindi. Árið 2022 þjálfaði Igor Vitale International Srl yfir 1.000 nemendur í Róm og Milanó í gegnum ýmsa fræðsluviðburði, sem miðuðu að fjölbreyttum markhópi, þar á meðal nemendum, kennurum og fagfólki í fjölmörgum greinum.



igorvitale.org



Búkarest-Jilava fangelsið, sem staðsett er nálægt höfuðborg Rúmeníu, hýsir um það bil 1.000 karlkyns fanga í opnu og hálf opnu gæsluvarðhaldi og er stjórnað undir Fangelsismálastofnun ríkisins í Rúmeníu. Hlutverk þess beinist að því að tryggja öryggi fanga og aðstoða við aðlögun þeirra að samfélaginu að nýju í gegnum félagslega enduraðlögunargeirann, sem felur í sér mennta- og sálfélagsþjónustu. Fangelsið býður upp á ýmsa fræðslu- og sálfélagslega kosti auk starfsnáms og heldur uppi samstarfi við frjáls félagsamtök og opinberar stofnanir til að styðja við félagslega aðlögun fanga með áherslu á mikilvægi vinnutengdrar starfsemi til að byggja upp sjálfsálit og sjálfsaga.

anp.gov.ro/web/penitenciarul-bucuresti-jilava

www.perspektive-project.eu

[perspektive.erasmus](https://perspektive.erasmus.eu)

[perspektive-erasmus](https://perspektive-erasmus.eu)



Styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir, sem hér eru settar fram, eru hinsvegar eingöngu höfunda og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.